

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, samkvæmt heimild í 53. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum og samkvæmt heimild í 27. og 29. grein byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Pannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraness þriðjudaginn 13. maí 2003.

*Akranesi, 13. maí 2003.*

**Gísli Gíslason** bæjarstjóri.

**AUGLÝSING****um flutningsjöfnunargjald á sementi.**

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.560 frá 1. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna og greiða á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur og innflytjendur, sem stunda endursölu á sementi á minnst tveimur verslunarstöðum sem jafnframt eru aðaltollhafnir, greiða gjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs sements á sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum solumánaðar. Flutningsjöfnunargjald af öðru innfluttu sementi skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórar innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til flutningsjöfnunarsjóðs sements.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 195, 14. mars 2002.

*Viðskiptaráðuneytinu, 22. maí 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

**AUGLÝSING****um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.**

*Breyting á skipulagi við Smiðsbúð 12 í Garðabæ.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Smiðsbúð 12 í Garðabæ. Breytingin felst í að heimilt verður að hafa lokað skýli á lóðarmörkum á austurhluta lóðar í stað opins skýlis áður. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.